

SAMÞYKKT fyrir Veiðifélag Apavatns.

1. gr.

Veiðifélagið heitir Veiðifélag Apavatns.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eiga að vatnssvæði Apavatns en þær eru: Hagi 1, Hagi 2, Vatnsholt, Neðra-Apavatn, Efra-Apavatn 1, Efra-Apavatn 2, Útey 1, Útey 2, Austurey 1, Austurey 2, Austurey 3, Mosfell, Stangalækur 1 og 2, Svínavatn, Þóroddstaðir og Lækjarhvammur/Gröf.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og efla arðsemi veiðihlunninda á félagssvæðinu.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar veiði eftir því sem aðalfundur eða annar fundur ákveður.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna þannig: formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, hinn eftir þrjú ár. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjú varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veita slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins, sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Stjórn félagsins skal gæta

andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfund. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykkt félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfund til annarra en félagsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði til annarra en félagsmanna og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni, sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Ef meirihluti fundarmanna samþykkir þá er heimilt að atkvæðisgreiðsla fari einnig svo fram, vegna breytinga á samþykkt félagsins og samþykkt arðskrár. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundu skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Auksfundu skal halda eftir þörfum eða ef 1/4 félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Heimilt er að félagið starfi í deildum ef aðalfundur Veiðifélags Apavatns samþykkir og þess getið í fundarboði að stofna eigi deild. Samþykkt Veiðifélags Apavatns gildir einnig fyrir deildir.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiða skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

14. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007